

Sp. 191. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]
um samúð og stuðning við pólsku þjóðina.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að lýsa yfir samúð Íslendinga með pólsku þjóðinni og stuðningi við mannréttindabaráttu frjálsra pólskra verkalýðssamtaka og harmar algera valdatöku kommúnistaflokksins og hersins í Póllandi.

Slík valdbeiting og ofbeldi í skjóli erlends valds kemur í veg fyrir friðsamlega þróun í lýðræðisátt, sem hafin var í Póllandi, og kann að leiða til blóðugra átaka með hörmulegum afleiðingum, um leið og friði í Evrópu er stofnað í hættu.

Á örlagastundu óska Íslendingar þess af einlægni, að Pólverjar fái aukin réttindi og taki sjálfir ákvarðanir um framtíð sína í frjálsum kosningum á grundvelli opinna umræðna en séu ekki sviptir mannréttindum með valdbeitingu og ógnun um innrás.